

Stjórnarfundur 7 miðvikudaginn 10. október 2018 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.



Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Stefán Jóhannesson, Árni Jón Eggertsson, Andri Hnikarr Jónsson og Sigurbjörn Árni Arngrímsson og Svandís Þorsteinsdóttir í síma, Kristín Hálfðánardóttir, Steinn Einarsson.

Afboð og mættu ekki;

Dagskrá

- Keppnistímabilið
- Smáþjóðaleikar
- Fjáröflun
- Önnur mál

Fundargerð

Keppnistímabilið:

Útbúa þar nákvæmari reglur varðandi sektargreiðslur þegar lið draga sig út úr keppni í fjölliðamótum. Nokkur umræða var um fyrirkomulag úrslitakeppninnar á nýliðnum formannafundi. Mótanefnd var falið að vinna úr því máli.

Smáþjóðaleikar:

Ákveðið var að skrá lið til þátttöku í blaki en ekki í strandblaki.

Fjáröflun:

Það þarf ekki að koma á óvart að fjármálin eru frekar erfið eftir þátttökuna í Evrópukeppninni. Gísli Vilhjálmsson hefur lýst yfir vilja til þess að koma að vinnu í sambandi við fjáröflun fyrir sambandið. Formanni og framkvæmdastjóra var falið að funda með Gísla eins fljótt og mögulegt er. Náðst hafa samningar um sölu á nöfnum fyrstu og annarrar deilda. Fyrsta deildin heitir Benecta deildin og önnur deildin heitir Emerald deildin. Forráðamönnum þessara fyrirtækja voru færðar bestu þakkir fyrir.

Önnur mál:

Töluvert var rætt um tryggingamál landsliðsfólks. Þar þarf að huga að mörgum þáttum og ákveðið var að vinna málið áfram með fagfólki í greininni.

Minnst var á að keppni í Mizunódeildinni hefist síðar en í neðri deildunum. Það getur gefið möguleika á að nýta sér félagaskipti á annan hátt en eðlilegt getur talist.

Tekin var umræða um að skipta um viðskiptabanka og var Hnikarri falið að vinna það mál áfram. Svandís sagði frá væntanlegu móti sem verður haldið á gervigrasinu í Reykjaneshöllinni 11. nóvember.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 18.42

Fundargerð ritaði Jason Ívarsson